

Athugið!

Næsti Pési kemur út
13. mars Efni þarf að
berast fyrir **9. mars**.

Ný leikskóladeild tekin til starfa

Ný leikskóladeild fyrir yngstu börnin tók til starfa í gamla ráðhúsinu við Akurgerði í byrjun árs. Þar eru nú 10 börn og fleiri munu bætast í hópinn fljótlega. Yngstu börnin á deildinni eru 14 mánaða og nú hafa öll börn sem náð hafa 12 mánaða aldri í sveitarfélaginu fengið boð um leikskólavistun.

Að sögn starfsmanna er húsnæðið afar gott og hentar það vel til starfseminnar. Hljóðvist er eins og best verður á kosið og fundu starfsmenn strax að börnin voru rólegri og meira næði var á deildinni en áður. Er þetta ánægjulegt þar sem þarna dvelja okkar yngstu íbúar sem við viljum hlúa sem allra best að.

Tiltölulega litlu þurfti að breyta til að húsnæðið nýttist sem leikskóli. Stækka þurfti salerni og loka af anddyri auk þess sem girða þurfti lóðina og setja þar upp leiktæki og vagnageymslu.

Með þessari breytingu gefst tækifæri til að stórbæta starfsmannaaðstöðu í hinum leikskólanum sem ekki var vanþörf á auk þess sem sérkennsla fær þar nú loksins góða aðstöðu.



Pistill frá sveitarstjóra

Veðrið í vetur hefur leikið við okkur hér á sunnanverðu landinu að undanfögnu en að njóta veðurbliðu sem þessarar yfir hörðustu vetrarmánuðina verður seint full þakkað. Að hægt sé að sinna verkum eins og á sumardegum gjörbreytir stöðunni og gefur miklu lengri glugga til framkvæmda en annars væri mögulegur.



Eins og íbúar hafa vafalaust tekið eftir rís nú ný björgunar-miðstöð við lðjuslóð og verður það hið glæsilegasta hús. Þar munu Brunavarnir hafa aðsetur og Björgunarfélagið Eyvindur og við vonumst auðvitað til að mannaður sjúkrabíll á dagvinnutíma verði sem fyrst að veruleika í þessu húsi.

Í byrjun árs keypti sveitarfélagið fimm íbúðir að Hrunamannavegi 3. Til kaupanna fékkst stofnframlag frá HMS sem gerir það yfirstíganlegt að kaupa svona margar eignir auk þess sem tvær íbúðir í eigu sveitarfélagsins við Smiðjustíg verða seldar. Íbúðirnar fimm hafa nú þegar verið afhentar nýjum íbúum sem vonandi munu eignast þar gott heimili.

Við höfum öll fylgst af áhuga með framkvæmdum við nýtt apótek sem opna mun við hlið Heilsugæslu Uppsveitanna. Innréttingar hafa verið settar upp og unnið er að nauðsynlegum leyfisveitingum. Allt útlit er fyrir að Apótek Suðurlands muni opna í febrúar. Það verður mikið fagnaðarefni.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að hefja nú þegar framkvæmdir við göngustíga frá Byggð á Bríkum og að Sneiðinni, frá Mýrarstíg að Garðastíg og frá Hellisholtalæknum og yfir að reiðstígnum áleiðis að Miðfelli. Með þessu er gætt að umferðaröryggi og vonandi verða stígarnir til þess að enn fleiri njóti þess að ganga um okkar fallega svæði.

Það eru forréttindi að fá að taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem orðin er staðreynd hér í Hrunamannahreppi. Á öðrum stað í Pésanum er fjallað um starfsemi í Félagsheimilinu/bókasafninu en með hverjum deginum fjölgar þeim sem líta þar við og njóta þess að eiga nú góðan og skemmtilegan samastað í miðbæ Flúða. Nuddari hefur tekið til starfa í rými sem áður var ekkert notað í Félagsheimilinu. Það eykur enn þjónustu við ykkur íbúa sveitarfélagsins. Nú er hægt að fara til sjúkrahjálfa, nuddara, í klippingu, ræktina og sund allt í miðbæ Flúða. Ekki má svo gleyma upphituðu vetrarbrautinni sem gefur öllum tækifæri til örugga gönguferða í miðbæ Flúða án þess að óttast þurfi hálku og snjó.

Úr því að skrifað er hér um líkamsrækt þá má til gamans geta þess að í Spriklið hennar Sigfríðar eru skráðir um 30 einstaklingar sem mæta samviskusamlega kl. 6:00 í íþróttahúsið, tvisvar í viku. Það er 6,37% íbúa á aldrinum 31-70 ára. Í samanburði við Árborg þyrftu 367 aðilar að vera skráðir til að ná sama hlutfalli. Ætli þetta sé ekki einhvers konar met?

Til fróðleiks má að lokum geta þess að reglur um heimgreiðslur hafa verið rýmk-
aðar og nú geta foreldar valið hvort börn þeirra fari á leikskóla fyrstu 15 mánuð-
ina eða ekki og notið heimgreiðslna á meðan. Sveitarstjórn hefur einnig fjölgað
tónlistartímum sem gefur fleirum tækifæri til náms í Tónlistarskóla Árnesinga.

Að lokum langar mig að minna á að 1150 ára afmælisár Hrunamannahrepps er hafið. Í Pésanum má finna grein frá afmælisnefndinni sem ég hvet ykkur til að lesa. Nýtt merki hefur verið tekið í notkun og er það frumsýnt hér í blaðinu. Það er Anna Dagbjört Styrmisdóttir sem á heiðurinn af því. Fylgist endilega vel með samfélagsmiðlum vegna viðburða sem framundan eru og munið að allt verður skemmtilegra ef við gerum það saman.

Með bestu kveðjum.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri



Kvöldvaka í Hrunakirkju

Sunnudagskvöldið 25. janúar
kl. 20 verður hefðbundið
messuform brotið upp.

Fjölbreytt tónlist. Kórinn syngur
og Erla Kolbrúnardóttir syngur
einsöng og dúett mun einnig
stíga fram og syngja.

Tveir kórfélagar flytja stutt innlegg.
Guðsorð, bæn og blessun.

Verið öll hjartanlega velkomin
á kvöldvöku!

Félagsheimilið BÓKASAFN LIBRARY

Opnunartími - Opening hours

Mán / Mon 10-16

Þrið / Tue 10-16

Mið / Wed 10-18

Fim / Thu 10-16

Fös / Fri 12-15

Lokað í hádeginu (12-13)
Closed during lunchtime (12-13)

Jákvæður agi – Uppeldisstefna Flúðaskóla og Undralands

Nú í vetur höfum við verið að innleiða uppeldisstefnuna **Jákvæður agi (e. Positive Discipline)**, sem leggur áherslu á virðingu, hlýju og skýr mörk í samskiptum við börn.

Jákvæður agi miðar að því að kenna börnum mikilvæga lífsfærni, svo sem sjálfstjórn, ábyrgð, samvinnu og lausnamiðaða hugsun, á sama tíma og sjálfsmynd þeirra og öryggi er styrkt.

Helstu áherslur stefnunnar:

- Að koma fram við börn af virðingu og hlusta á sjónarmið þeirra.
- Að setja skýr, sanngjörn og aldurshæf mörk.
- Að líta á mistök sem tækifæri til náms fremur en ástæðu til refsinga.
- Að efla samvinnu og ábyrgð barna í daglegu starfi.
- Að styðja við jákvæða sjálfsmynd og trú barnsins á eigin getu.

Hvernig birtist þetta í daglegu starfi?

Við leggjum sérstaka áherslu á að:

- mynda góð tengsl við börn og sýna skilning á tilfinningum þeirra,
- útskýra væntingar skýrt og á jákvæðan hátt,
- nota rólegt og virðingarfullt orðalag, jafnvel þegar aðstæður eru krefjandi,
- bjóða börnum valkosti þegar það á við,
- leiðrétta hegðun án þess að gera lítið úr barninu sjálfu.


Góð ráð til foreldra, ömmu og afa og allra þeirra sem umgangast börn:

- Viðurkennið tilfinningar barnsins
- Setjið skýr og stöðug mörk
- Talið af virðingu
- Notið mistök sem tækifæri til náms
- Hrós og hvatning styrkir sjálfstraust

Við trúum því að þessi nálgun stuðli að aukinni vellíðan barna, betra andrúmslofti og sterkari samskiptum milli barna og fullorðinna.

Saman styðjum við börnin til að blómstra.

Starfsfólk Flúðaskóla og Undralands



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14

845 Flúðir

flight@simnet.is

Sími 699 0757



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Hrunamannahreppur

velliðan fyrir alla



Grænna land ehf.

Hellulagnir - Áburðargjöf

Beðahreinsun - Garðsláttur

Garðauðun - Trjáklippingar

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Pökulagnir - Trjáplöntusala

Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufyrirgjafi

Sími 858 3399

graennaland@simnet.is



Sundlaugin á Flúðum

16. ágúst - 31. maí

Opin alla virka daga frá kl. 16:00 - 20:30

Morgunopnun á fimmtudögum
frá kl. 6:00 - 9:00

Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 13:00 - 18:00.

Tækjasalur á Flúðum

Opnunartími tækjasals:

Á virkum dögum:

kl. 6:00-14:00 án starfsmanns

kl. 14:00-20:00 með starfsmanni

Um helgar:

kl. 6:00-20:00 án starfsmanns

Vinsamlegast athugið að gengið er inn
á neðri hæð, bílastæðamegin.

Árskort sem gilda í sundlauginu, íþróttar- og
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins
22.500 kr. Minnum á að hjá flestum stéttar-
félögum er hægt að sækja um styrk.

Fréttir frá Sláturfélagi Suðurlands

Kæru sveitungar, ég vil byrja á því, fyrir hönd Sláturfélags Suðurlands, að óska ykkur gleðilegs árs, með þakklæti fyrir samstarf og viðskipti, á liðnum árum.

Þann 12. des. sl. var árlegur deildarstjórafundur haldinn á Hvolsvelli. Þar fór Steinþór forstjóri, yfir rekstur og afkomu félagsins, fyrstu mánuði ársins. Kom fram að aldrei hefur gengið vetur hjá S.S. Þar sem nánari fréttir hafa birst á S.S. síðunni, vil ég endilega benda öllum á, að kynna sér þær.

Senn liður að deildafundum ársins 2026 og verður okkar haldinn með uppsveitunum, í Aratungu, miðvikudaginn 25. febrúar nk. kl. 20.00. Hvet ég alla, sem geta, til að koma og heyra hvað forstjórinn hefur að segja okkur um starfsemina í heild sinni. Hver veit nema að fleiri framsögumenn láti sjá sig og í sér heyra. Þetta er kjörið tækifæri, fyrir alla, þar sem fundurinn er opinn þeim sem vilja. Þá verða kjörnir fulltrúar á aðalfund félagsins sem haldinn verður að Goðalandi í Fljótshlíð, 20. mars, nk. Ég mun senda út áminningu á febrúarfundinn, þegar nær dregur.

Kv. frá deildarstjóra, Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Valdís Una körfuknattleikskona Selfoss

Það er ánægjulegt þegar Hrunamenn gera garðinn frægan utan heimabyggðar og tilefni til stólts þegar slíkt gerist. Ein þeirra er Valdís Una Guðmannsdóttir sem nýlega var valin körfuknattleikskona Selfoss árið 2025.

Valdís Una fæddist 17. ágúst 2005 í Langholtskoti í Hrunamannahreppi. Foreldrar hennar eru Guðmann Unnsteinsson og Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir. Uppeldisfélag hennar er UMFH og eftir að hafa leikið yngri flokka með Hrunamönnum lék hún með Hamri/Þór í meistaraflokki kvenna á árunum 2021–2023. Árið 2024 var hún meðal stofnenda nýs kvennaliðs Selfoss og leikur þar nú í 1. deild kvenna sem lykilleikmaður.

Valdís Una hefur einnig verið hluti af yngri landsliðum Íslands og keppti meðal annars á Evrópumóti U16 árið 2021. Árið 2024 hlaut hún hvatningarverðlaun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir framlag sitt til körfuboltaíðkunar í sveitarfélaginu.

Valdís Una er góð fyrirmynd ungra iðkenda og megum við Hrunamenn vera afar stolt af þessari ungu afreksíþróttakonu. Við óskum henni innilega til hamingju og óskum henni velfarnaðar á komandi árum.





Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is




*Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir*

Sími 888 1975 / 865 7499



BORGTHOR EHF
Öll almenn gröfuhjónusta.
Útvegum allar gerðir
fyllingarefna



Bubbi 899-0816
Margrét 699-4001

Fóttaaðgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímarpantanir í síma
867 6580



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæsla Uppsveita

Heilsugæsla Uppsveita er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímarpantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.


Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.

Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**





VISSIR ÞÚ AÐ... vörur frá Viss á Flúðum eru einnig til sölu í Sólskinsbúðinini á Flúðum og í Skálholtsdómkirkju?

Hráefni

500 g nautahakk
1 rauðlaukur
1 laukur
2 stílkar sellerý
2 gulrætur
1 nautateningur
1 grænmetisteningur
750 ml vatn
500 ml matreiðslu-
rjómi
200 g rjómaostur
1 dós tómaturpurre
(þessar litlu)
1 dós niðursoðnir
tómatar
2 dl sweet chilly sósa
(gott að byrja smátt
og smakka til)
1 msk. karrý

Mexico hakksúpa í vetrarkuldanum

Steikja nautahakk ásamt laukunum og krydda með salti og pipar.

Allt sett í pott og látið sjóða í 25 mínútur.

Rjómaostur látinn bráðna úti og smakkað til. Karrý-magn er mjög persónubundið og einnig er gott að bragðbæta með chillykryddi fyrir bragðmeiri súpu.

Gott að bera fram með nachos, sýrðum rjóma og rifnum osti.



Dúna er matgæðingur mánaðarins.

Ég skora á matgæðinginn Jóa Marels að koma með einhverja girnilega uppskrift í næsta Pésa.

VISS fréttir eru um ýmis konar hluti ásamt fréttum úr nágrenninu og skemmtilegar staðreyndir



HREPPAMAÐUR MÁNAÐARINS


Hreppamaður mánaðarinn er viðtal við einstakling sem býr í Hrunamannahreppi en sem er ekki endilega fæddur og uppalinn í hreppnum. Skemmtileg leið til að kynnst sveitum okkar.

Hvað heitir þú og hvar áttu heima? Ég heiti Davíð Logi Ingvarsson og bý á Kópavatni.

Hvað hefur þú búið lengi í Hrunamannahreppi? Ég hef búið í 3 ár á Kópavatni.

Við hvað ertu að starfa? Ég vinn hjá Gröfutækni og hef verið hjá þeim í rúm 10 ár.

Uppáhaldsstaðurinn þinn í Hrunamannahreppi? Uppáhalds staðurinn minn er líklega Borgardalur í landi Kópavats.



Hvað er það besta við Hrunamannahrepp? Það besta við Hrunamannahrepp er samfélagið, það er gaman að sjá þetta litla samfélag standa saman og styðja við hvert annað þegar einhvað kemur uppá.

Finnst þér þú vera Hreppamaður? Þar sem föður amma mín er fædd og uppalin í Syðra-Langholti finnst mér ég geta með ágætri samvisku sagst vera hreppamaður.

Fróðleiksmoli

Hunang spillist aldrei

Hunang er ein af fáum matvælum sem geta geymst að eilífu. Fornleifafræðingar hafa fundið krukkur með hunangi í fornum egypskum gröfum sem eru yfir 3.000 ára gamlar og enn fullkomlega ætar. Leyndarmálið liggur í náttúrulegum rotvarnarefnum og lágu rakainnihaldi.



Grein frá afmælisnefndinni

Ágætu Hrunamenn.

Nú er 1150 ára afmælisár Hrunamannahrepps hafið. Óskum við öllum Hrunamönnum um heim allan, til hamingju með afmælið.

Hrunamannahreppur er elsti hreppur landsins sem nefndur er í Landnámu og sem enn er til í óbreyttri mynd. Því er þetta merkisviðburður og í fyrsta sinn sem haldið er upp á afmæli hreppsins svo vitað sé.

Til stendur að halda veglega upp á þetta merkisár með ýmsum viðburðum sem dreifast á árið 2026. Aðalhátiðarhöldin verða 11. – 14. júní 2026. Hreppamarkagangan er fyrsti afmælis viðburðurinn og hófst gangan, hringinn kringum hreppinn, sumarið 2025 og síðustu skrefin verða tekin sumarið 2026 þegar hringnum verður lokað.

Búið er að hanna afmælismerki sem við hvetjum alla, fyrirtæki, félög, samtök og einstaklinga til að nota allstaðar á þessu ári, á alla viðburði, vörur og bara allt sem gert er og tengja það við afmælið svo allir fái vitneskju um þennan merkisviðburð. Hægt er að nálgast merkið í Menningarmiðstöðinni, hruni@fludir.is.

Afmælisnefndin hefur fundað nokkrum sinnum með það að markmiði að búa til skemmtilega og fróðlega dagskrá. Því er mikilvægt að félög og fólk í sveitinni taki þátt og biðjum við alla sem eru að skipuleggja eitthvað og einnig þá sem hafa góðar hugmyndir að senda okkur línu svo það komist á viðburðadagatalið. Endilega sendið á hruni@fludir.is.

Menningarmiðstöðin verður með skemmtilega myndarýni í mars og apríl, ljósmyndasamkeppni verður allt árið, lagakeppni vegna afmælistöngs okkar, félög verða með ýmsa viðburði sem eru í undirbúningi, nokkur góð böll og tónleikar. Hugmyndir nefndarmanna eru margar og fjölbreyttar. Við vonumst eftir víkingum og blóti að ásatrúarsíð, messum í kirkjunum okkar, nýjar innkomumerkingar í sveitina verða afhjúpaðar, söguskilti sett upp og bætt úr gönguleiðum og merkingum, fróðlegir fyrirlestrar um sveitina okkar og menningu, hreppamarkagangan, opnir bæir og dýrasýningar, vonandi leiksýningar, Huppa frá Kluftum verður 100 ára og Þórshamarinn fær sinn stað í dagskránni líka. Mjög þakkað að hætta forfeðra okkar og bjór merktur afmælinu gæti komið á borðið. Margt fleira er í ferli og verður auglýst síðar. Fylgist endilega vel með á www.fludir.is.

Okkar bestu óskir um skemmtilegt afmælisár.

*Esther Guðjónsdóttir, formaður afmælisnefndar,
Aldís Hafsteinsdóttir, Daði Geir Samúelsson,
Halldóra Hjörleifsdóttir og Herbert Hauksson*




FRÍBÚÐ

Félagsheimilinu- bókasafni

Opnar í febrúar

Komdu með hluti í góðu ástandi, sem nýtast ekki lengur og taktu með heim það sem þig vantar.



Við auglýsum eftir:

Fötum í góðu ástandi Skrautmunum og nytjahlutum

Ekki er þó tekið við húsgögnum eða stærri munum.

Hlökkum til að sjá þig
í Viss, kjallaranum á Heimalandi

Opnunartími VISS

mánud./miðvikud. 8-15

föstud. 8-12

Nánari upplýsingar:

Else: 690-6024/else@fludir.is

Fjárhagsáætlun

Hrunamannahrepps árið 2026

Gert er ráð fyrir 149 m.kr. hagnaði af rekstri samstæðu. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og án afskrifta (EBITDA) er 359 m.kr eða 17,5% af tekjum samstæðunnar. Helstu stærðir eru eftirfarandi:

Heildartekjur	kr. 2.053.963.000,-
Heildargjöld (m. afskriftum)	kr. 1.803.829.000,-
Fjármagnsliðir nettó	kr. -95.347.000,-
Rekstrarniðurstaða A&B	kr. 153.653.000,-
Rekstrarniðurst. A-hluta	kr. 142.935.000,-
Veltufé frá rekstri	kr. 221.602.000,-
Fjárfesting	kr. 352.850.000,-
Tekin ný langtímalán	kr. 184.689.000,-
Afborganir langt.lána	kr. 133.470.000,-

Engin ný langtímalán voru tekin á árinu 2025 þrátt fyrir miklar framkvæmdir.

Samkvæmt útkomuspá ársins 2025 ætti skuldaviðmið samstæðunnar (skv. reglugerð 502/2012) að vera 76,2% í árslok 2025 en engin langtímalán voru tekin á árinu þrátt fyrir miklar framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir að sama lykiltala 2026 verði 72,8%. Skuldir sveitarfélagsins eru því langt undir 150% viðmiði fjármálareglna sem sveitarfélög þurfa að vinna eftir.

Helstu fjárfestingar ársins 2026:

Leikskólinn, hönnun o.fl.	kr. 10.000.000,-
Endurbætur á sundlaug	kr. 22.000.000,-
Flúðaskóli, leiksvæði	kr. 5.000.000,-
Merkingar við innkeyrslur	kr. 8.000.000,-
Lækjargarður / Kvenfélagssk.	kr. 6.000.000,-
Félagsheimili, anddyri o.fl.	kr. 8.000.000,-
Gámasvæði - malbik o.fl.	kr. 15.000.000,-
Kaup á 5 íbúðum	kr. 185.000.000,-*
Sala á 2 íbúðum	kr. -95.000.000,-
Göngustígar	kr. 13.000.000,-
Gatnagerð, Röðulstangi	kr. 13.000.000,-
Iðjúlóð gatnagerð	kr. 30.000.000,-
Gatnagerðargjöld	kr. -30.000.000,-

Flutningur á slökkvistöð	kr. 10.000.000,-
Bífreið - vél f. áhaldahús	kr. 6.000.000,-
Vatnsveita	kr. 75.000.000,-
Fráveita	kr. 20.000.000,-
Hitaveita Flúða	kr. 20.000.000,-

**að teknu tilliti til stofnframlags.*

Aðrar fjárfestingar eru smærri. Fjölgun íbúa kallar á fjölbreyttari og enn betri þjónustu. Slíkt er kostnaðarsamt. Þrátt fyrir þetta er ljóst að staða sveitarfélagsins er góð og nægir möguleikar fyrir hendi til að gera enn betur.

Nánari upplýsingar og greinargerð með fjárhagsáætluninni má finna á www.fludir.is.



Lashes by Aslaug

*Notast við NovaLash eða
Jungle Lash, non-toxic og
umhverfisvænar vörur*

*Augnhára
lengingar*

Klassískar og volume
Tímabókanir í síma 823-6606
eða á instagram @aslauggudny



Efra-Sel 2, 846 Flúðir

Kæru konur!

Nú er komið að því að hafa opið hús á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps í febrúar (og mögulega mars).

Allar konur eru hjartanlega velkomnar á opin hús Kvenfélagsins.

Í febrúar lítur dagskráin svona út:

5. febrúar kl. 20:00

Við verðum í Félagsheimilinu/bókasafni Hrunamannahrepps

- Kynning á kvenfélaginu
- Sýning á mynd í tilefni af 100 ára kosningarafræmleis kvenna
- Kaffi á könnunni, tarot spákona kemur við og les úr spilum fyrir þær sem vilja vita hvað árið 2026 hefur upp á að bjóða
- Velkomnar að taka með ykkur handavinnu

12. febrúar kl. 20:00

- Sýnikennsla í flatkökubakstri (staðsetning auglýst síðar)

19. febrúar kl. 20:00

Félagsheimilinu/bókasafni Hrunamannahrepps

- Uppllestur úr bók og fleira skemmtilegt (auglýst þegar nær dregur)

26. febrúar kl. 20:00

- Kennsla í pönnukökubakstri (nánar auglýst síðar)

Við hvetjum ykkur til að deila þessu með vinkonum og taka þær með ykkur á viðburðina.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kær kveðja, stjórnarkonur



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum
Sími 861 9682

POL SF ⚡

**Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur**

Axel
Sími 860 7073

Nuddari hefur tekið til starfa á Flúðum

Nils Guðjón, nuddari, hefur tekið til starfa í Félagsheimili Hruna-
manna. Margir þekkja til Nils og hafa jafnvel átt hjá honum reglu-
lega tíma en hjá honum er í boði heildræn meðferð, almennt
nudd, bandvefsmeðferð og íþróttanudd.

Opið er hjá Nils á mánudögum frá kl. 9 til 18 og á þriðjudögum
frá kl. 9 til 20. Best er að bóka í gegnum heimasíðuna hans:
<https://ngehf.setmore.com> eða á Facebook en þar má finna Nils
undir nafninu „Nils Guðjón heildrænar meðferðir“.

Við bjóðum Nils hjartanlega velkominn hingað á Flúðir en með
starfsemi hans hefur enn aukist sú þjónusta sem í boði er í sveitarfélaginu.



Félagsheimilið – bókasafnið okkar allra

Hugsaðu þér að ganga inn í Félagsheim-
ilið á ósköp venjulegum virkum morgni.
Kaffilyktin tekur á móti þér, rólegt spjall
hljómar í bakgrunni ásamt ljúfum djass
tónum í útvarpinu. Svona er stemmingin
í húsinu þessa dagana, kósí, óvænt og
lífandi.

Félagsheimilið- bókasafn er búið að
vera opið í tæpa tvo mánuði og aðsókn
framúrskarandi. Leik- og grunnskólabörn koma reglulega í heimsókn og fylla rýmið af
forvitni og lífi. Á sama tíma sækja sjálfsprotttnir hópar húsið; fæðingarorlofshópar, morg-
unkaffihópar sem eiga hér sína föstu stund, þrjóna- og hannyrðahópar sem skapa jafnt
sem spjalla auk ungs fólks í framhaldsnámi að vinna verkefni eða lesa fyrir próf. Félaga-
samtök nýta einnig rýmið til funda og reglulegrar samveru, og ungt fólk í framhalds- og
háskólanámi finnur hér næði til að lesa fyrir próf og klára verkefni.

Félagsheimilið-bókasafnið sjálft er í stöðugri þróun og í vetur bærast margar nýjar bækur
sem flestar eru á íslensku en einnig þó nokkrar á ensku, tékknesku, pólsku og úkraínsku
en þessi ólíku tungumál endurspeglar samfélagið okkar hér í sveitinni.

Bráðlega opnar einnig Fríbúð VISS inn af bókasafninu, þar sem allt verður ókeypis.
Söfnun á fótum og munum er hafin í húsnæði VISS, Heimalandi. Nú er því tilvalið að
kíkja í geymslurnar og skoða hvort þar leynist t.d. hjónaballsföt, kökuform, öskudags-
búningar, fræ eða stofublóm sem gætu öðlast nýtt líf hjá öðrum.

Hvetjum öll til að kíkja við en hver veit nema að þú rekist á gamlan kunningja eða eign-
ist nýjan við kaffikönnuna.



Edda Jónsdóttir forstöðumaður

Hjónaball 07.03.2026

Íþróttahúsi Hrunamanna á Flúðum

Húsið opnar kl 18:30 og skemmtun hefst kl 19:30

Glæsilegt forréttar- og aðalréttahlaðborð frá
Veisluþjónustu Hvíta hússins

Opinn bar - Kaffi og konfekt

**Hljómsveitin KOPPAFEITI leikur fyrir dansi
ásamt Stebba Hilmars og HubbaBubba
Aldurstakmark 18 ára**

Miðapantanir berist á hjonaball@fludir.is

Pöntun er staðfest með greiðslu inná eftirfarandi
reikning: 0325-26-700535 kt. 640169-2309

Miðaverð 16.900,-

Nöfn verða að fylgja miðapöntunum og óskir um að
sameinast á borð - hámark tíu á hverju borði.

Ganga þarf frá pöntunum og greiðslu fyrir 1.mars.

Hlökkum til að eiga
með ykkur frábært
kvöld,

Hjónaballsnefnd



Taxi Selfoss verður með leigubíla á staðnum frá 23-04, s:482-3800